

Fundargerð Íslenska bútaumsfélagsins
Fundur haldinn 28. apríl 2011 í Fella- og Hólakirkju

Fundur settur kl.20:15, fundargestir voru 66

Fundarstjóri: Svala Stefánsdóttir

1. Valgerður K. Sigurðardóttir flutti erindi bæði í máli og myndum um „endurnýtingu“. Hún notar alls konar fatnað sem hún setur í teppi og gamlar gallabuxur eru notaðar í töskur og margt fleira.

2. „Sýnt og sagt frá“ – Konur sýndu teppi, dúka og einnig voru sýnd „Hetjuteppi“ sem borist höfðu

3. Ræmuhappadrætti – Að þessu sinnu voru í vinning rauðar 2,5“ ræmur sem félagskonur komu með.

4. Tilkynningar – Borghildur Ingvarsdóttir minnti á að skila „Hetjuteppum“ ef konur ættu þau ókláruð heima því aðalfundurinn væri 14. maí og teppin þyrftu að vera komin viku fyrir fundinn.

Óskað var eftir sjálfboðaliða til að sjá um Facebook síðuna en Anna Margrét Árnadóttir sem bjó til síðuna og hefur séð um hana tilkynnti að hún ætlaði að hætta á næsta aðalfundi. Því þarf að fá aðra konu til að sjá um síðuna eða ákveða að leggja hana niður. Enginn bauð sig fram.

5. Borghildur upplýsti að nýja bútaumsblaðið væri komið út og það yrði afhent að fundi loknum þeim konum sem þess óskuðu.

6. Erla Sigurðardóttir minnti á sýninguna í York.

7. 14 vinahringir höfðu borist en á sýninguna í Birmingham í haust má félagið senda 12 hringi, þannig að sýningarnefnd mun sjá um valið. Konur í salnum völdu 3 hringi sem þeim fannst við hæfi.

Kaffihlé

Fundi slitið kl. 21:50

Eftir fundarslit var „Örnámskeið“ sem sýnt var hvernig sauma á upp úr gömlu og sá Valgerður um námskeiðið.

Fundargerð ritaði Hulda Petersen